



Sighvatur Jónsson og Jóhanna Ýr Jónsdóttir vinna nýja heimildamynd um gosið og afleiðingar þess:

# Okkar kynslóð vill vita það sem ekki er talað um

:: Hafa fengið góð viðbrögð hjá þeim sem leitað var til :: Segja sögu kvenna og barna, m.a. þeirra sem send voru til Noregs :: Myndin frumsýnd á goslokunum

GÍGJA ÓSKARSDÓTTIR  
gigja@eyjafrettir.is

Jóhanna Ýr Jónsdóttir og Sighvatur Jónsson hafa unnið hörðum höndum að gerð heimildamyndar um eldgosið í Vestmannaeyjum. Myndin, sem er um klukkutími að lengd, verður sýnd á goslokahátíð í Vestmannaeyjum og síðan á RÚV þann 7. júlí næst komandi.

Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar Jóhanna Ýr sá um endurnýjun á Byggðasafni Vestmannaeyja þar sem Sighvatur var fenginn til þess að vinna myndbönd um úteyjalfífið. Jóhanna Ýr vann þar sjálf að svipuðu verkefni fyrir bás um gosið. Þar valdi hún viðmælendur á mismunandi aldri til að fá mismunandi sögur. Í tengslum við verkefnið fóru þau að ræða um 40 ára gosloka-afmælið. „Við vorum að spjalla saman um goslokin og ég segi við Sighvat að mig hafi nú alltaf dreymt um að gera heimildamynd. Svo hringdi hann í mig í febrúar 2012 og spurði mig hvort ég væri ekki með einhverjar hugmyndir fyrir myndina. Þá langaði okkur að einbeita okkur að uppbyggingunni, hreinsunarstarfinu eftir gos og af hverju fólk ákvað að koma heim. Var það heimpráin sem var svona svakaleg að það skipti þau engu máli þó að allur bærinn væri svartur og fullur af vikri? Það var svo síðastliðið haust sem ég hafði samband aftur við Sighvat og vildi fá

endanlegt svar frá honum varðandi þátttöku hans því ég var farin af stað með myndina, byrjuð að sækja um styrki og þess háttar,“ sagði Jóhanna Ýr.

„Jóhanna Ýr notaði reyndar klassískt „trix“ á mig, spurði mig hvort ég gæti ráðlagt henni um leigu á búnaði ef ég gæti ekki tekið þátt í verkefninu. Ég hafði dregið að gefa henni endanlegt svar vegna anna við önnur verkefni. Þetta varð til

klúbb á ferð um landið. Á flugvellinum í Vestmannaeyjum hittu hann danskan mann sem hafði unnið sem sjálfboðaliði í hreinsunarstarfinu eftir gos. „Þessi danski maður var að koma hingað í fyrsta sinn í 38 ár og var svo uppnuminn af því hvað allt væri grænt og fallegt hérna. Þá kviknaði sú hugmynd að stækka verkefnið enn frekar með því að ræða við erlenda sjálfboðaliða sem komu hingað,“ sagði Sighvatur.

aftur. Oft er rökrétt skýring á því, fólk var jafnvel komið með aðra vinnu og hafði komið sér fyrir á nýjum stað,“ sagði Sighvatur.

„Við töluðum einmitt við Hjalta, bróður Sighvats, við undirbúning myndarinnar, en hann er sálfræðingur og hefur meðal annars sérhæft sig í viðbrögðum fólks við áföllum. Hann benti á að þegar fólk kemur sér upp rútínu, fer því að líða betur og vill þá kannski síður fara að róta

**Útlendingur heima - Uppgjör við eldgos**

Myndin fékk vinnuheitid Útlendingur heima, en nafnið passar vel inn á mörg svið sem tekin eru fyrir í myndinni og varð vinnuheitid að raunverulegu nafni myndarinnar.

„Sumir sem fluttu heim eiga erfitt með að sætta sig við nýtt útlit eyjarinnar. Titillinn snertir einnig þá sem misstu allt sitt í gosinu. Auk þess var oft verið að hnýta í Eyjamenn á fastalandinu. Þá leið fólki eins og útlendingum þó það væri enn á Íslandi. Ég upplifi mig líka oft eins og útlending á þessari eyju sem ég er fædd og uppalin á, því ég var ekki fædd í gosinu en eldri systkini mín tala oft um staði eins og Pétó og Heimatorg sem ég þekki auðvitað ekki,“ sagði Jóhanna Ýr þegar hún útskýrði nánar titil myndarinnar.

**Viðbrögðin hafa verið góð**

Þau Sighvatur og Jóhanna Ýr hafa fengið góðar móttökur, þó svo að ekki hafi allir viljað koma fram í mynd. Þau segja að þeim hafi einnig verið trúað fyrir ýmsu í gegnum síma eða eftir að upptökum lauk. Sögurnar eru því sannarlega til staðar. „Margir hafa komið að máli við mig og sagt að það sé tími til kominn að við förum að ræða þetta. Sérstaklega um hlutverk kvenna í gosinu. Því það er mikið búið að hampa körlum fyrir björgunarstarfið og annað, en lítið hefur verið rætt um hvernig var komið fyrir konum. Hólmfríður Sigurðardóttir

”

*Við heyrðum einmitt marga nefna að fólkið, sem var á flandri í Reykjavík, fann sig oft á tíðum ekki. Þaðan kemur að vissu leyti þessi titill „Útlendingur heima“. Einn viðmælandi okkar sagði meðal annars frá því að samtals misstu hann og fjölskylda hans fjögur hús í gosinu. Tengdforeldrar hans áttu gott húsnæði uppi á landi sem þau gátu búið í og því fór þeim fljótlega að líða vel. Hann kom ekki aftur til Eyja en þykir vænt um þær enn þann dag í dag og hugsar mikið til þeirra*

þess að ég sló til, enda var borðleggjandi fyrir okkur að vinna þetta verkefni saman,“ sagði Sighvatur.

„Ég er mjög fegin að Sighvatur ákvað að slá til. Ekki bara það að hafa félagi í þessu ferli til að máta hugmyndir heldur vegna reynslu hans sem fjölmiðlamanns fór þetta verkefni á herra faglegra stig,“ sagði Jóhanna Ýr.

**Tilfinningalegt uppgjör**

Eitt af því sem þróaði hugmyndina að myndinni var frétt sem Sighvatur vann síðastliðið sumar um flug-

Jóhanna Ýr bætti við að eftir samtali við danska sjálfboðaliðann og fleiri hafi verkefnið þróast í umfjöllun um tilfinningalegt uppgjör eftir gos. „Pá fórum við að heyra að fólk hafði ekki gert gosið upp og talað um þetta. Það er svo miklu meira lagt upp úr áfallahjálpi í dag en var á þessum tíma.“

Sighvatur og Jóhanna Ýr velta einnig upp spurningunni af hverju fólk flutti ekki heim aftur, hvað það hafi upplifað og hvernig því líður. „Mér finnst lítið hafa verið fjallað um af hverju fólk kom ekki heim

tilfinningum upp aftur. Við heyrðum einmitt marga nefna að fólkið sem var á flandri í Reykjavík fann sig oft á tíðum ekki. Þaðan kemur að vissu leyti þessi titill „Útlendingur heima“. Einn viðmælandi okkar sagði meðal annars frá því að samtals misstu hann og fjölskylda hans fjögur hús í gosinu. Tengdforeldrar hans áttu gott húsnæði uppi á landi sem þau gátu búið í og því fór þeim fljótlega að líða vel. Hann kom ekki aftur til Eyja en þykir vænt um þær enn þann dag í dag og hugsar mikið til þeirra,“ sagði Jóhanna Ýr.



kom inn á þetta í viðtali við mig fyrir Byggðasafnið; að konur hafi oft á tíðum verið á flakki með börnin og oft að skipta um húsnæði. Þær urðu því að standa sína plikt. Ætlunin er því að taka þennan vinkil með," sagði Jóhanna Ýr.

„Við lögðum einmitt upp með það að við erum hluti þeirrar kynslóðar sem fæddist eftir gos. Við höfum upplifað þetta í gegnum sögur, ljósmyndir eða hluti en ekki sjálfan atburðinn. Það er lítið talað um suma hluti tengda gosinu enn í dag og langaði okkur því að skoða hvers vegna. Mikið hefur verið fjallað um gosið og fannst okkur áriðandi að gera það á nýjan hátt. Eftir því sem við töluðum við fleiri fannst okkur fólk vera tilbúið að tala, það væri greinilega frjór jarðvegur fyrir þessa nálgun, þessa uppsetningu og þennan efnivið. Fólk sagði oft við okkur að það væri búið að hugsa mikið um þessi málefni síðustu tvö til þrjú ár. Mér fannst rosalega áberandi hvað ég heyrði þessa setningu oft. Kannski er ástæðan sú að það er mikið búið að fjalla um þetta núna út af uppbyggingunni og uppgræftrinum í Eldheimum. Við hugsum um með okkur áður en við förum af stað hvort við værum að fara of snemma inn í einhvers konar uppgröf. Við vissum ekki hvernig fólk myndi taka því ef við, unga fólkið, kæmum og spyrðum hvort fólk ætti ekki eftir að gera upp og hvort því liði illa vegna gossins. En okkur fannst margir vera byrjaðir í einhvers konar uppgjörsferli svo að tíminn er hárréttur fyrir þessa umfjöllun," sagði Sighvatur.

### Uppbygging myndarinnar

Myndin verður aðallega byggð upp á viðtölum við fólk, en viðmælendur í myndinni eru um fimmtán. Jóhanna Ýr verður sögumaður í myndinni og mun leiða fólk í gegnum hana. „Ég er málsvari okkar kynslóðar, leita til nokkurra vina minna og bið þá um þeirra innlegg og spurningar. Í myndinni fáum við svör við þeim spurningum og fleirum," sagði Jóhanna Ýr.

Viðmælendur eru úr mismunandi áttum. „Við ákváðum að fjalla ekki um hraunkælingu, jarðfræði eða björgunarstörf. Með fullri virðingu fyrir því efni þá hefur verið fjallað vel um það á öðrum vettvangi, en þetta efni, sem við tókum fyrir, var einfaldlega bara næst á dagskrá. Þetta eru sögur, sem hafa ekki verið sagðar, af fólki sem hefur ekki komið fram áður. Við erum með viðmælendur úr mismunandi hópum, einn sem kom heim, annan sem kom ekki heim, unga móður, eldri móður, útlending og nokkra sem voru börn í gosinu. Enginn hefur spáð mikið í börnunum, því þau unnu engar hefjudáðir og þess vegna vildum við taka það vel fyrir og þá kviknaði hugmyndin að fara til Noregs," bæti Jóhanna Ýr við.

### Noregsferðin

Jóhanna Ýr og Sighvatur fóru með átta manna hóp til þess að rifja upp dvöl barna í Noregi sem norski og íslenski Rauði krossinn, Íslendingafélagið í Ósló og fleiri stóðu fyrir. Margir af þeim sem fóru til Noregs núna höfðu aldrei komið þangað aftur eftir dvölinu 1973. „Við förum sem sagt á tvo staði, til að dekkja alla söguna. Við völdum fulltrúa krakka sem fóru í sumarhús, t.d. Magga Braga og Óddu konu hans. Einnig heimsóttum við dóttur hjóna sem Guðrún Erlingsdóttir gisti hjá á sínum tíma. Konan bauð okkur í heimsókn en foreldrar hennar eru látnir," sagði Sighvatur, aðspurður um ferðina.

„Þessi ferð var rosalega skemmtileg og það var mjög gaman að fylgjast með fólkinu sem var að sjá sumarhúsið aftur eftir 40 ár. Það hafði lítið sem ekkert breyst þarna inni, kojurnar enn eins á litinn og þetta var að vissu leyti eins og tímafél. Yngstu börnin, sem voru í þessum búðum, voru 7 ára á þessum tíma og var gaman að sjá þau verða aftur 7 ára í ferðinni. Sumir klifruðu í trjánnum eins og fyrir 40 árum. Það var dásamlegt að fá að fylgjast með



Við upptökur í Íslendingahúsi í Noregi. Parna mundar Sighvatur myndavélina og beinir henni að þeim Óddu Jóhönnu Sigurðardóttur, Magnúsi Bragasyni og Óskari Ólafssyni. Parna sést líka í bakið Öldu Jóhönnu Jóhannsdóttur.

þeim. Við erum með svo mikið af góðu efni úr ferðinni að við gætum jafnvel gert aðra mynd, bara um Noregsdvöl þessara barna.

„Við gerum okkur grein fyrir því að Noregsferðin reyndist ekki öllum vel. Yfir 900 börn fóru og gefur því auga leið að sögurnar eru margar og mismunandi. Sumum leið mjög illa, öðrum leið ágætlega, á meðan sumir upplifðu algjört ævintýri. Við getum ekki gert öllu skil í svona stuttri mynd. Börnin sem fóru í

barna sem þangað fóru heldur til þess að heyra hvað þeim finnst í dag um ferðina. Þau töluðu meðal annars um hvað það var gott að losna undan fréttumfjöllun og komast í frí frá öllu. Viðmælendur okkar hafa bent á að þau, sem börn, hafi vissulega haft sínar áhyggjur, þótt ekki hafi þær verið þær sömu og foreldranna. Þau eru þó flestöll sammála um að þau myndu líklega ekki senda börnin sín í dag til útlanda í tvær vikur við þessar


ar staðhæfingar eftir gosið. „Ég veit ekki hve oft maður heyrði að við fengum betri innsiglingu og betra skjól fyrir austanáttinni. En svo byrjar maður að heyra svolítið sorglegri sögur, bara setningar hér og þar. „Það dó enginn í gosinu," er setning sem ég ólst upp við, en það lést einn maður. Við spyrjum einmitt að því í myndinni af hverju fólk haldi að þessi málvenja sé tilkomin. Það er verið að velta ýmsum atriðum fyrir sér í mynd-

gosið en áður. Þau velta því fyrir sér hvort tíminn hafi eitthvað með það að gera, það er að segja hvort innri baráttu fólks við eldgosid ljúki með aukinni umræðu um atburðinn út frá tilfinningum.

### Fjármögnun

Það hefur gengið vel að fjármagna verkið en þau viðurkenna að sú vinna sé tímafrek. „Tímaramminn er ekki svo langur, þar sem 40 ára goslokin nálgast óðfluga. Myndin verður sýnd í Bæjarleikhúsinu á fimmtudegi og föstudegi gosloka-hátíðar. Ef áhugi verður, er mögulegt að sýna myndina einnig um goslokahefningu en hún verður sýnd á RÚV á sunnudagskvöldinu 7. júlí. Þetta er því ákveðin pressa en bara jákvæð pressa. Við höfum unnið pappírsvinnuna hratt og almennt er talað um að hálf tón sé ekki langur tími til að fjármagna svona verk-efni. Við erum því mjög þakklátir þeim aðilum hér í Vestmannaeyjum sem annars staðar sem hafa sýnt okkur skilning varðandi skjót svör um þátttöku. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð hvert sem við höfum komið þó auðvitað leggi fólk mismikið í verkefnið. Þetta er fyrsta heimildamynd okkar beggja og við höfum þurft að læra margt og það hratt. Á tímipunkti var pappírsvinnan að gera út af við okkur. Þá hringdi ég í Jóhönnu Ýr og spurði hana hreinskilnislega hvort við ættum að halda áfram að miða við þennan hálf tón tímaramma. Hún hugsaði sig um, en sem betur fer ekki of lengi, og svaraði að við mætum ekki gefast upp. Þetta var ekki vegna þess að fólk væri að segja nei við okkur, heldur var þessi endalaus pappírsvinna orðin þreytandi og við bæði spennt fyrir því að hefja vinnu við myndina fyrir alvöru," sagði Sighvatur.

Á lokum vildu Jóhanna Ýr og Sighvatur þakka öllum þeim sem hafa lagt þeim lið eða komið að myndinni með einum eða öðrum hætti. Sérstaklega nefna þau Birgi Nielsen tónlistarmann sem hefur yfirumsjón með tónlist og Ágúst Óskar Gústafsson sem leggur einnig til frumsamda tónlist. Sérstakar þakkir fá einnig makar þeirra og fjölskyldur. „Mig langar líka að nefna að við berum mikla virðingu fyrir sögunni og tilfinningum fólks sem gekk í gegnum þessar miklu náttúruhamfarir. Okkar helsta markmið er að myndin verði innlegg í þessa uppgjörs-umræðu eftir gosið og að hún opni fyrir það að fólk fari að ræða um hloti, sem það hefur ekki rætt um áður," sagði Sighvatur að lokum.



Sighvatur ásamt hinum danska Bo Rønnow sem vann eftir gosið í Eyjum sem sjálfbóðaliði. Hann kom aftur til Eyja 38 árum síðar og má segja að koma hans hafi aukið umfang myndarinnar.

”

Ég veit ekki hve oft maður heyrði að við fengum betri innsiglingu og betra skjól fyrir austanáttinni. En svo byrjar maður að heyra svolítið sorglegri sögur, bara setningar hér og þar. „Það dó enginn í gosinu," er setning sem ég ólst upp við, en það lést einn maður. Við spyrjum einmitt að því í myndinni af hverju fólk haldi að þessi málvenja sé tilkomin. Það er verið að velta ýmsum atriðum fyrir sér í myndinni

sumarbúðirnar hafa átt auðveldara með samskipti því þau voru saman í hóp og gátu talað hvert við annað en þeir sem fóru inn á heimilin hafa frekar fundið fyrir einmanaleika og tungumálaörðugleikum. Eftir ferðina kom kona að máli við mig og sagði að hún hefði verið í hópi þar sem aðstandendur sumarhúðanna hefðu ekki staðið sig sem skyldi og hennar upplifun var því ekki góð," sagði Jóhanna Ýr.

Umfjöllun um Noregsferðina var því ekki hugsuð eingöngu til þess að draga fram erfðar minningar

aðstæður," sagði Jóhanna Ýr.

Sighvatur vildi einnig benda á að samfélagslegar aðstæður voru öðruvísi á þessum tíma og þess vegna lék þeim forvitni á að vita hvernig hugmyndin kom til og hvaða augum fólk lítur þessa ferð í dag. „Okkur fannst þessi ferð einfaldlega verðskulda umfjöllun út frá öllum hliðum 40 árum síðar," sagði Sighvatur.

### Umræðan að opnast?

Sighvatur og Jóhanna Ýr nefna að mikið hafi verið notast við jákvæð-

inni," sagði Jóhanna Ýr.

Sighvatur bætir við að þetta sé ein af þeim sögum sem þeim finnst lítið hafa verið fjallað um. „Viðmælendur okkar hafa misjafnar skoðanir á því af hverju lítið hefur verið talað um dauða mannsins sem lést vegna gaseitrunar þegar hann braust inn í apótek bæjarins.

„Einn viðmælandi benti á að þetta hafi kannski verið leið fólks til að halda áfram, einbeita sér að því jákvæða," sagði Jóhanna Ýr.

Þeim finnst báðum áhugavert að fólk tali orðið meira og öðruvísi um